

2. gr.

Auglýsing þessi er sett samkvæmt a-lið 1. mgr. 5. gr. reglugerðar nr. 479/1995, sbr. lög nr. 25/1993 og lög nr. 99/1993, og öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytinu, 7. maí 1996.

F. h. r.

Guðmundur Sigbórsson.

Jón Höskuldsson.

AUGLÝSING

um innflutning á sláturafurðum sem ekki hafa fengið hitameðferð.

Samkvæmt 5. gr. reglugerðar nr. 479/1995 um varnir gegn því að dýrasjúkdómar berist til landsins og um takmörkun á innflutningi dýra, sem fengið hafa vaxtaraukandi efni, skulu þau vottorð og önnur gögn sem auglýsing þessi kveður á um liggja fyrir við tollafgreiðslu á vörum sem koma frá löndum sem talin eru upp í 2. gr. og yfirdýralæknir hefur viðurkennt.

1. gr.

Skriflegt leyfi landbúnaðarráðuneytisins ásamt vottorðum sem krafist er samkvæmt 3. gr. þessarar auglýsingar skal liggja fyrir við innflutning á landbúnaðarvörum sem ekki hafa hlotið hitameðferð og flokkast í vöruliði 0203, 0207, 0210 í tollskrá, sbr. viðauka I við tollalög nr. 55/1987.

2. gr.

Innflutningur er heimilaður frá eftirtöldum löndum, að uppfylltum skilyrðum 3. gr.

Svíþjóð:	Kjöt af svínunum, kjúklingum og kalkúnum
Noregur:	Kjöt af svínunum, kjúklingum og kalkúnum
Finnland:	Kjöt af svínunum, kjúklingum og kalkúnum

Ráðuneytið getur hvenær sem er tilkynnt með auglýsingu breytingar á upptalningu landa samkvæmt þessari grein.

Eingöngu er heimilt að flytja inn úrbeinað kjöt, nema alifugla má flytja inn heila og í bitum.

Innflutningur á öðrum sláturafurðum eða vörum frá löndum sem ekki eru tilgreind hér að framan er einungis heimill með sérstöku leyfi landbúnaðarráðuneytisins að uppfylltum þeim heilbrigðiskröfum sem það setur sbr. reglugerð nr. 479/1995.

3. gr.

Innfluttum vörum sem flokkast í vöruliði 0203, 0207, 0210 sbr. viðauka I við tollalög nr. 55/1987, og ekki hafa hlotið fullnægjandi hitameðferð, skulu fylgja þau vottorð sem hér greinir:

- Opinbert upprunavottorð, sem staðfestir að varan sé framleidd í landi samkvæmt 2. gr.
- Opinbert heilbrigðisvottorð frá löndum sem hlotið hafa staðfestingu yfirdýralæknis og talin eru upp í 2. gr. auglýsingar þessarar.
- Vottorð fylgi vörunni um að sláturdýrunum, sem afurðir eru af, hafi ekki verið gefin vaxtarhvetjandi lyf á eldistímanum.

- d. Vottorð um að varan hafi verið í frosti > -20°C í a.m.k. 2 mánuði.
- e. Sláturdýrum hafi verið slátrað í sláturhúsum og afurðirnar unnar í vinnslustöðvum sem viðurkenndar eru af Evrópusambandinu eða Bandaríkjum Norður-Ameríku sem útflutningshús.
- f. Að kjötið sé laust við salmonellusýkla.
Leiki vafi á gildi heilbrigðisvottorðs eða upplýsingar eru óljósar, skal leita álits yfir-dýralæknis sem sker úr um gildi vottorða.

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytinu, 6. maí 1996.

F. h. r.

Guðmundur Sigþórsson.

Jón Höskuldsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 467/1991 um húsbrefadeild og húsbrefaviðskipti.

1. gr.

14. gr. reglugerðarinnar hljóði svo:

Ekki verður skipt á húsbrefum fyrir fasteignaveðbréf sem nemur lægri fjárhæð en kr. 727.000,00 miðað við byggingarvísitölu 1. apríl 1996, 209,7 stig. Þó er heimilt að skipta á fasteignaveðbréfum fyrir húsbref vegna viðbygginga, endurbóta eða endurnýjunar á húsnæði, fyrir fjárhæðir að lágmarki kr. 500.000,00 miðað við sömu vísitölu, enda verði lánstíminn ekki lengri en til 15 ára. Hámarkslánstími fasteignaveðbréfa vegna viðbygginga, endurbóta eða endurnýjunar á húsnæði skal vera 25 ár.

2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er með heimild í 118. gr. laga um Húsnæðisstofnun ríkisins nr. 97/1993, sbr. lög nr. 12/1994, nr. 58/1995 og nr. 150/1995, öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytinu, 7. maí 1996.

Páll Pétursson.

Ingi Valur Jóhannsson.

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu í Eyrarbakkaheppi árið 1996.

1. gr.

Hreppsnefnd Eyrarbakkahepps er heimilt að leggja á sérstakt sorphirðugjald (sorphreinsi- og sorpeyðingargjald) fyrir árið 1996.